

Sveitapósturinn

www.audhumla.is www.ms.is

Fréttir til bænda 2. tbl. 10. árg. mars 2014

Kveðja frá forstjóra

Deildafundir Auðhumlu: Tækifæri í mjólkurframleiðslu

Deildafundir Auðhumlu hefjast í þessari viku. Fyrsti fundurinn verður á Selfossi 7.mars og hefst klukkan 11:30. Hér fylgir dagatal allra deildafundanna. Aðalfundur Mjólkursamsölnnar verður í Reykjavík miðvikudaginn 5.mars og aðalfundur Auðhumlu á Selfossi 25.apríl.

Dags	Deildarfundur	Staður	Deild	Kl.
7.3.2014	Föstudagur	MS Selfossi	Flóa- og Ölfusdeild	11:30
10.3.2014	Mánudagur	Hótel Flúðir	Uppsveitadeild	11:30
11.3.2014	Þriðjudagur	Hótel Fljótshlíð, Smáratúni	Mýrdalsdeild/Eyjafjalladeild/Landeyjadeild / Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpardeild	11:30
12.3.2014	Miðvikudagur	Hótel Kirkjubæjarklaustur	Skaftárdeild	11:30
12.3.2014	Miðvikudagur	Hótel Smyrlabjörg	Austur Skaftafellsdeild	20:30
13.3.2014	Fimmtudagur	Gistihúsið Egilsstöðum	Austurlandsdeild	11:30
14.3.2014	Föstudagur	Sveinbjarnargerði	Norðausturdeild	11:30
17.3.2014	Mánudagur	Gauksmýri, Víðidal	Austur- og Vestur Húnaþingsd	11:30
18.3.2013	Þriðjudagur	Dalakofinn, Búðardal	Breiðafjarðardeild	12:00
19.3.2013	Miðvikudagur	Hótel Ísafjörður	Breiðafjarðardeild	11:30
20.3.2013	Fimmtudagur	Hótel Hamar	Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild/ Borgarfjarðardeild/Hvalfjarðardeild	11:30


Tækifærin

Meginumfjöllunarefni deildafunda Auðhumlu verða þau tækifæri sem nú eru í íslenskum kúabúskap. Á síðasta ári jókst sala á fituríkum mjólkurafurðum um sem nam 6,9 milljónum lítra. Gert er ráð fyrir því að á þessu ári verði söluaukning fituríkra afurða sem nemur að minnsta kosti 4 – 6 milljónum lítra. Þrettán milljón lítra aukning á tveimur árum nemur framleiðslu 70 kúabúa.

Undanfarna mánuði hefur áhersla verið lögð á aukna framleiðslu og fódruun til fituframleiðslu og nú síðustu vikur í vaxandi mæli á síðarnefnda þáttinn. Í febrúar kom hingað til lands á vegum MS Harald Volden, sem er einn helsti sérfræðingur heims í meltingarfræði og fódruun jörturdýra. Hann hélt hér fyrirlestur um árangur og aðferðafræði Norðmanna við svipaðar kringumstæður og sköpuðust hér á síðasta ári. Fyrirlesturinn sátu auk starfsmanna Mjólkursamsölnnar, ráðgjafar RML og fódursérfræðingar allra fyrirtækja sem selja kjarnfóður á innlendum markaði.

Í Noregi náðist á skömmum tíma árangur í að auka fituframleiðslu með samstilltu átaki. Samvinnufyrirtækið Tine breytti greiðsluhlutföllum fyrir fitu, beitti ráðgjafarþjónustu

sinni til að fræða bændur um möguleika á breyttri fódruun og loks voru norsku fódruurfyrirtækin virkjuð til þess að bjóða fóður með breyttri samsetningu. Þetta skilaði árangri. Fituhlutföll í mjólk tóku snöggum breytingum til hins betra. Á myndinni sést hvernig fituhlutfallið í Noregi var komið niður undir 4,05 sumarið 2012 (gula línan) og hvernig það fór í 4,19 á skömmum tíma og loks hvernig það hélt sér á árinu 2013 (gráa línan) vel yfir því sem var 2011 og á fyrri hluta 2012.



Hér heima hefur þegar verið gripið til eftirfarandi aðgerða til að hvetja til aukinnar og breyttrar framleiðslu:

- Öll mjólk greidd fullu verði út 2013 og allt árið 2014
- Breytt greiðsluhlutföllum vegna fitu og próteins og nú eru þau 50/50 á móti 25/75 á síðasta ári.
- Framleiðsluskylda hefur verið aukin í 95% greiðslumarkaði úr 90%.
- Í haust setti MS í gang átak gegn jógurbólgu hjá hérumbil 60 framleiðendum, sem þegar er byrjað að skila árangri í auknu mjólkurmagni.

Ljóst er að þeir sem geta aukið framleiðslu og aukið fituhlutfall frá því sem nú er gera það með ágætum ábata.

Átak í mars

Fyrirlestur Harald Volden er upphaf að sérstöku fræðsluátaki um aukna fitu í mjólk sem stendur út allan marsmánuð og fram í apríl. Heimsóttir verða allt að 250 framleiðendur sem talið er að geti hraðast aukið fituhlutfall í mjólk með

ýmsum aðgerðum. Auk dýralæknis MS og starfsmanna mjólkureftirlitsins mun Snorri Sigurðsson, ráðunautur frá Danmörku, sjá um þessar heimsóknir. Haft verður sérstaklega samband við framleiðendur á næstu dögum og vikum til að undirbúa heimsóknirnar. Tilgangur heimsóknanna er í fyrsta lagi að hvetja bændur til að auka fituframleiðslu með tiltækum ráðum. Gerð verður stutt úttekt á stöðu hvers og eins og metið hvaða ráð gætu skilað árangri á skemmstum tíma. Áhersla verður lögð á að hvetja bændur til að leita ítarlegri ráðgjafar.

Mjög ánægjulegt er að sjá að fóðurfyrirtækin sem sátu fundinn með Harald Volden eru þegar að breyta samsetningu fóðurs og afurðir þeirra verða kynntar í þessum heimsóknum.

Tímabundin aukin útgáfutiðni Spenans



Í lok síðasta árs hóf Mjólkursamsalan útgáfu lítills fræðslurits, Spenans, sem dreift er með mjólkurbílum í öll fjós. Speninn er hugsaður sem vettvangur til að koma á framfæri hagnýtum upplýsingum og til að vekja máls á þáttum

sem stutt gætu áttak fyrirtækisins að bæta gæðin, auka mjólkurframleiðsluna og breyta þurrefnisinnihaldi mjólkur. Þessu litla riti hefur verið vel tekið en einnig hafa komið ábendingar frá nokkrum lesendum um að einhver áhersluatriði sem birt hafa verið í Spenanum séu svo sjálfsgöð að ekki þurfi að nefna þau til sögunnar. Það er án nokkurs vafa rétt að í ritinu hafa verið dregin fram atriði sem fjölmargir hafa þegar tileinkað sér og líta á sem sjálfsagðan hlut. En það sem einum virðist sjálfsagt kann að vera nýtt fyrir öðrum. Það er því von okkar að útgáfan geti í senn orðið uppspretta nýrrar þekkingar fyrir einhverja og nokkurskonar tékklisti fyrir aðra sem þegar hafa tileinkað sér það sem áhersla er lögð á. Á næstu vikum er gert ráð fyrir að útgáfutiðni Spenans verði aukin. Það er hluti af átaki MS til að auka fituhlutfall og auka nyt.

Erlend starfsemi MS styrkir innanlandsreksturinn



Um 90% af framleiddri mjólk í heiminum er neytt í framleiðslulandinu. Um 10% eru seld á alþjóðamarkaði. Þessi hlutföll eru svipuð hér, um 90% framleiðslunnar er neytt hér heima og um 10% flutt út. Á heimsvísu er langmest af því sem flutt er milli landa í formi undanrennudufts og smjörs sem fer á hrávörumarkað. Þar eru verð mjög sveiflukennd eins og sést á meðfylgjandi myndum sem sýna heimsmarkaðsverð á tonni smjörs og tonni undanrennudufts undanfarin fimm ár.

Það er mikilvægt að framleiða meira en sem nemur þörfum heimamarkaðarins til að geta mætt sveiflum sem verða í framboði og eftirspurn. Þessum sveiflum er mætt með birgðahaldi. Líkt og aðrar þjóðir hafa Íslendingar flutt út meginhluta umframframleiðslu sinnar sem duft og smjör á hrávörumarkað þar sem það hefur að mestu farið til iðnaðarframleiðslu.

Það hefur verið eitt af meginmarkmiðum Mjólkursamsölnunar að flytja út stærra hlutfall af próteinhluta mjólkurinnar sem skyr. Framlegð af því hefur verið umtalsvert betri en af undanrennudufti. Það hefur því skilað meiri gjaldeyristekjum og betri afkomu fyrir kúabændur. Meginmarkaðir hafa verið Finnland og Bandaríkin. Nú hyggst Mjólkursamsalan hasla sér völl í Sviss, þar sem tollar hindra ekki innflutning á skyri. Loks er hafinn útflutningur á skyri til Færeyja þar sem því hefur verið tekið mjög vel.

Auk beins útflutnings hefur Mjólkursamsalan einnig skapað sér möguleika á góðri viðbótarafkomu með sölu á sérleyfum til framleiðslu og með því að láta framleiða skyr innan Evrópusambandsins þar sem ekki er hægt að flytja út frá Íslandi meira en 380 tonn vegna tollmúra sambandsins. Það skyr er síðan selt undir merkjum MS í löndum ESB.

Öll þessi starfsemi skapar gjaldeyristekjur og styrkir rekstur Mjólkursamsölnunar og starfsemi kúabænda. Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða hefur afkomu MS til hliðsjónar þegar búvöruverð hér heima er ákveðið. Jákvæð afkoma af þessari starfsemi leiðir því til þess að búvöruverð hér heima er lægra en ella. Það er mikilvægur þáttur í uppbyggingu þessarar erlendu starfsemi að hún skapi ekki áhættu fyrir innanlandsreksturinn eða innanlandsmjólkurmarkaðinn.



Mansikka

Hapatettu maitovalmiste

Ainesosat: pastöroitú rasvaton maito, mansikka (12%), sokeri, maissitärkkjels, aromi, kasvistiiviste, makeutusaine (steviolglykosidit), skyr-hapatteet.

Ravintosisältö per 100 g:

Energiaa	310 kJ / 73 kcal
Proteiinia	9.2 g
Hiihlydraatveja	8.8 g
Rasvaa	0.2 g

Með félagskveðju,
Einar Sigurðsson, forstjóri